

Starfsáætlun: Umsögn leikskóladeildar

Skólaárið 2022-2023

Leikskólinn Fífusalir

Tengsl við námskrá: Starfsáætlun er unnin í takt við námsskrá leikskólans, markmið og einkunnarorðin; virðing, uppgötvun og samvinna. Áhersla er lögð að börn læri sjálfstjórn og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fái tækifæri til að læra í gegnum leik og eigin upplifanir. Börnin upplifi sig í lýðræðislegu samfélagi þar sem gleði, samhygð og vinátta er höfð að leiðarljósi

Endurmat – umbótaáætlun: Mati á skólastarfinu eru gerð góð skil og umbótarþættir koma fram í starfsáætluninni. Áherslur í mati á starfsemi leikskólans eru framfarir og líðan barna, markmið og stefna skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Foreldrar og starfsmenn meta leikskólastarfið með könnunum, fundum og viðtölum. Fyrirkomulag á mati barna er skýrt lagt fram og hlustað er á raddir þeirra. Foreldrar hafa aðgang að heilsubók barnsins þar sem m.a. mat þeirra er sett inn.

Þróunar- og nýbreytnistarf: Í Fífusölum er skólastarfið í stöðugri þróun og þróunarverkefni nýtt til efla skólastarfið enn frekar. Leikskólinn fékk styrk úr þróunarsjóði Kópavogs til að vinna að þróunarverkefni á námsáætlunum leikskólans. Gera á markvissar vinnuáætlanir, árgangaskiptar, út frá námsáætlunum hvers mánaðar fyrir sig. Lögð verður áhersla á að allir starfsmenn skólans geti unnið út frá námsáætlun í hópastarfi. Markmiðið er að vinnuáætlanirnar verði stuðningur fyrir kennarana í ýmis konar hópastarfi, stuðli að betra og markvissara/faglegu starfi með börnunum. Fyrirhugað er að þróa gátlista út frá heilsubók/skjali sem flyst með barninu yfir á eldri gang sem sýnir hvar barnið stendur í félagsfærni, fín- og gróf hreyfingum, sjálfshjálp og fleiru. Jafnframt að gera gátlista þar sem farið er yfir þau námssvið sem tengjast námsáætlunum, faglegt skjal til að endurmeta faglega starfið. Deildarstjórahefti með hinum ýmsum verkefnum er í þróun, heftið á m.a. að auðvelda gömlum sem nýjum deildarstjórum að fá yfirsýn yfir starfssvið sitt. Þróun í að finna leiðir til að minnka matarsóun, matarafgangar eru vigtaðir aðra hvora viku og gera þá bæði börn og kennara meðvitaðri um skammtanir á diska. Beiðnablað lausnarþeymis verður í þróun þetta skólaár og áhersla verður á aukið samráð milli deilda með börn á sama aldursári.

Endur - og símenntunaráætlun: Greinagóð símenntunaráætlun leikskólans er til staðar og starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann. Starfsfólk er jafnframt hvatt til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau. Sótt verður um sjötta skipulagsdaginn þar sem áætlað er að fara í námsferð vorið 2023.

Börn: Námsumhverfi barnanna er vel skipulagt og sniðið eftir þörfum þeirra með það fyrir augum að ýta undir sjálfstæði, virkni og áhuga þeirra. Börnin öðlist reynslu með uppgötvunum í leik, þau hjálpist að, læri að vinna saman og framfylgja ákvörðunum sínum. Börnunum stendur til boða fjölbreytt, krefjandi og spennandi nám með gleði, samhygð og vináttu að leiðarljósi.

Starfsmenn: Starfsmannastefna Fífusala er með skýra og góða áherslupætti þar sem lögð er áhersla á að vinna sem ein heild. Fræðsla og umræða er talin mikilvæg til að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni í starfi. Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýja starfsmenn.

Foreldrar: Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann og lögð er áhersla á að foreldrar taki virkan þátt í starfinu og séu vel upplýstir um það. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna og því er lögð höfuð áhersla á góða samvinnu kennara og foreldra. Samvinna foreldra og leikskóla byggist á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu er sýndur skilningur og virðing. Foreldrum er boðið á ýmsar upptækur í leikskólanum, svo sem opin hús, sumarhátíð og fleira. Áhersla lögð á gott upplýsingaflæði með t.d. tölvupósti, heimasíðu og lokuðum facebookhópum. Leiðir að góðu samstarfi við foreldra virka vel, eru fjölbreyttar og góðar.

Annað: Metnaðarfullt starf þar sem unnið er eftir lýðræðislegum kennsluaðferðum og uppgötvunarnámi. Lögð er áhersla á að samskipti sé helsta verkfærið til náms og mikilvægi þess að kennarar og börn séu meðvituð um samskipti sín á milli og hlúi vel að þeim.